

## Fyrirspurn

til forsætisráðherra um gerð neyslustaðals.

Frá Jóhönnu Sigurðardóttur.

1. Hefur verið gerð könnun á notkun neysluviðmiðana í nágrannalöndum okkar við ákvarðanir er lúta að fjárhæðum bóta og styrkja í velferðarkerfinu, við mat á greiðslugetu við innheimtu vangoldinna opinberra gjalda og meðlagsgreiðslna og við ákvarðanatöku við lánveitingar úr opinberum sjóðum, svo sem lánasjóðum námsmanna og íbúðalánasjóðum í samræmi við þingsályktun þar að lútandi sem samþykkt var á Alþingi 19. maí 2001?
2. Hefur verið tekin ákvörðun um að samræma slíkar neysluviðmiðanir hér á landi, notkun þeirra eða aðferðir við gerð þeirra í samræmi við sömu þingsályktun en niðurstaða átti að liggja fyrir á 127. löggjafarþingi?
3. Telur ráðherra rétt að lágmarksframfærslukostnaður eftir fjölskyldugerð verði skilgreindur og gerðar tillögur til úrbóta sem miði að því að enginn hafi sér til framfærslu tekjur undir skilgreindum framfærslumörkum?